

Fundur Gammadeildar DKG 7. september 2023

Fundurinn var haldinn í Listasafni Íslands, Fríkirkjuvegi.

Kveikt á kertum, fundargerð lesin og nafnakall.

Hrefna sagði frá dagskrá vetrar sem ber yfirskriftina Samfélag fyrir alla.

Árný Elíasdóttir var með orð til umhugsunar. Hún sagði frá framkvæmdaráðsfundi DKG sem haldinn var í september. Á fundinn komu allir formenn deilda og formenn nefnda. Farið var yfir ýmis praktísk málafni, t.d. fundarstjórn og vefinn. Stjórnin hafði áður hist tvisvar. Árný sagði frá þremur markmiðum sem stjórn hefur ákveðið að leggja áherslu á en þau eru:

- Könnun meðal félaga DKG - skoða hug þeirra til starfseminnar og óskir um áherslur
- Samtökin verði sýnilegri í íslensku samfélagi - sýnileiki er nauðsynlegur svo laða megi að nýjar konur og kynna þau enn frekar
- Samtökin láti sig menntamál enn meiru varða - geri sig meira gildandi í krafti þess mannauðs sem í þeim býr

Skipuð verður afmælisnefnd og rætt hvort DKG verði formlega þátttakandi í kvennafrídeginum og þannig yrði haldið upp á 50 ára afmæli samtakanna.

Á stjórnarfundinum var líka ákveðið að samtökin muni í framtíðinni styrkja tvö verkefni á ári sem unnin eru að frumkvæði hversrar deildar og samræmast markmiðum samtakanna.

Ingibjörg Jóhannsdóttir, safnstjóri Listasafns Íslands og Gammakona, sagði fundarkonum stuttlega frá starfinu í safninu og tvær sýningar voru skoðaðar; Glerregn Rúríar og teikningar Kjarvals.

Drukkið var kaffi með glæsilegum veitingum nokkurra Gammakvenna og margt skrafað.

Hrefna færði afmælisbörnum rósir, þeim Gerði (80 ára) og Sirrý (90 ára). Sirrý fékk ljóðið Fjallkonan eftir Birgittu Jónsdóttur og Gerður ljóð án titils (sem fjallar þó um fjallkonur landsins) eftir Lindu Vilhjálmsdóttur úr ljóðabókinni Smáa lettrið.

Undir liðnum önnur mál fór fram kynning á nýrri Gammakonu en Þórunn Svava Róbertsdóttir, sérkennari og þroskaþjálfari, var mætt á sinn fyrsta Gammafund eftir að hafa flutt sig úr Þetadeild. Hún sagði frá sér og störfum sínum.

Fundi var loks slitið undir dynjandi takti Oktoberfest sem fram fór við Háskóla Íslands og héldu Gammakonur kátar út í kvöldið.